Bergljót Sigríður Einarsdóttir

From: Helga Arnalds <helga@tiufingur.is>
Sent: föstudagur, 14. október 2022 08:50
To: Skipulag
Cc: Elias Bjarnason
Subject: Athugasemd vegna vegaframkvæmdar og deiliskipulags við Lögbergsbrekku.

Góðan daginn,

Eftirfarandi er athugasemd vegna vegaframkvæmdar og deiliskipulags við Lögbergsbrekku. Vinsamlegast staðfestið móttöku þessa pósts og að hún hafi verið færð til bókar.
Sem foreldrar barna við skólann lýsum við yfir áhyggjum okkar vegna vegaframkvæmda og deiliskipulags við Lögbergsbrekku. Við gerum eftirfarandi athugasemdir:
1) Óvissa með skilgreiningu nýja vegarins og það hvaða aðili muni þjónusta veginn og hversu vel því verður sinnt, td hvað varðar mokstur. Þetta er með öllu óviðunandi að svo komnu máli.
Á landinu ríkir skólaskylda og lög er varða mokstur að skólabyggingum.
Við verðum að játa að við berum ekki mikið traust til þess að hlutaðeigandi aðilar ætli sér að sinna þessu með sóma. Sérstaklega eftir allt sem á undan er gengið og þá staðreynd að ekki var hlustað á athugasemdir skólasamfélagsins fyrr en kært hafði verið, í tvígang,
2) Því var lýst á kynningarfundi að þó nýi hliðarvegurinn yrði ófær yrði " bara" að keyra upp að Bláfjallaafleggjara þar sem útbúa þarf plan svo 70 manna rúta geti snúið við og síðan þverað veginn. Vegna stærðar verður að teljast líklegt að hún standi alltaf útá hina akgreinina. Ef skyggni er lélegt getur þetta ekki talist boðlegt en veður og skyggni við Bláfjallaafleggjarann er oft umtalsvert verra en neðan við Lögbergsbrekkuna.
Það má gera ráð fyrir að nýja veginum verði lokað óþarflega oft ef ekki á að sinna hreinsun svo vel sé, vegna legu hans í landinu.
Önnur leiðin upp að Bláfjallaafleggjara er 5-6 km og er það auk þess sem á undan er talið, ótækt að lengja ferð í skólabíl yngstu barnanna um þann tíma og þessa 10-12 km alls. Auk þess myndi það hafa í för með sér aukinn kostnað á skólann vegna þess kílómetrafjölda sem myndi bætast við í aðkeyptri akstursþjónustu.
3) Sjúkraflutningar frá skólanum
Ef þörf verður á sjúkraflutningi vegna slyss eða veikinda er áhyggjuefni að aksturleiðin sé þessum mínútum lengri (ef aka þarf upp að Bláfjallaafleggjara) í þeim tilfellum þar sem nýr hliðarvegur væri lokaður vegna vöntunar á mokstri.
4) Undirgöng gerð fyrir hestafólk en ekki gert ráð fyrir gangandi/hjólandi umferð meðfram gangnaveggjum. Þetta nær hreinlega ekki nokkurri átt og er með öllu óskiljanlegt. Er hestamaður í einhverri nefndinni?

5) Almenningssamgöngur
Það væri eðlilegt að gera ráð fyrir útskotum fyrir strætisvagna sem í framtíðinni gætu hugsað sér að bæta við stoppistöð við Lækjarbotna á leið sinni til og frá Hveragerði og Selfossi.

6) Ekki er gert ráð fyrir göngu- og hjólastíg í skipulaginu.
Þetta er nokkuð stuttur kafli hvort heldur er fyrir hjól/rafskútur og gætu nemendur hæglega tekið stætó að Rauðavatni og þannig hjólað í skólann mun oftar, sem er bæði heilsusamlegt og umhverfisvænt.

Virðingarfyllst,

Helga Arnalds , leikstjóri
Elias Halldór Bjarnason, verkfræðingur foreldrar í Waldorfskólanum í Lækjarbotnum

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026